

- 1.2 Fyrir þylur og flugvélar allt að 5 700 kg að þyngd greiðast kr. 1.50 fyrir hvert kg, en lágmarksgjald er kr. 1 500.
- 1.3 Fyrir flugvélar yfir 5 700 kg að þyngd greiðast kr. 10 000 að viðbættum kr. 0.50 fyrir hvert kg.
- 1.4 Fari skoðun fram erlendis greiðast enn fremur fargjöld skoðunarmanns og dagpeningar samkvæmt kjarasamningi starfsmanna ríkisins.

2. Skírteinisgjöld flugliða.

- 2.1 Fyrir skrifleg og verkleg prófskírteini flugliða greiðast eftirfarandi prófgjöld:

	Skriflegt próf	Verklegt próf
Flugnemi	kr. 500	kr. 500
Einkaflugmaður	— 1 000	— 700
Atvinnuflugmaður	— 2 000	— 1 000
Atvinnuflugmaður með meira prófi	— 3 000	— 1 000
Blindflugsréttindi	— 2 500	— 1 000
Flugkennararéttindi	— 1 500	— 1 000
Loftsiglingafræðingur	— 4 000	
Flugumsjónarmaður	— 3 000	
Flugvélavirki (tegundaréttindi)	— 1 000	

- 2.2 Við endurnýjun skírteinis greiðast kr. 500.00.

3. Almenn ákvæði.

- 3.1 Gjöld fyrir verklegt próf skírteinis flugliða greiðast til prófdómara. Önnur gjöld greiðast hjá gjaldkera flugmálastjórnar Reykjavíkurlugvelli.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt lögum um loftferðir nr. 34 21. maí 1964, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 26. mars 1974.

Björn Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um geymslu og meðferð lyfja í sjúkrahúsum og öðrum stofnunum,
sem hafa lyf undir höndum.

Skýrgreiningar.

1. gr.

Með sjúkrahúsi er átt við hverja þá stofnun, sem starfrækt er samkvæmt IV. kafla laga um heilbrigðisþjónustu nr. 56 27. apríl 1973.

Þar sem í reglugerðinni er fjallað um yfirlækni getur eins átt við um staðgengil hans eða annan lækni, er þer fulla ábyrgð á lækniþjónustu á sjúkrahúsi eða hluta sjúkrahúss.

Með deild er jafnan átt við sjúkradeild, skurð-, rannsóknar- eða aðgerða- og svæfingadeild.

Um lyfjabúnað á sjúkrahúsum, sem ekki eru deildaskipt, fer eftir sömu reglum og um eina deild væri að ræða.

Um skýrgreiningu á lyfjum fer eftir lyfsölulögum nr. 30 29. apríl 1963. Lyfja-lofttegundir eru undanþegnar ákvæðum þessum.

2. gr.

Stjórn sjúkrahúss skal sjá svo um, að ákvæðum reglugerðar þessarar sé hlitt og að á hagkvæman og öruggan hátt geti farið fram öflun, varsla og skömmtun lyfja á staðnum og skal þá í því sambandi eftirfarandi atriða gætt:

1. Í búnaði hveirrar deildar skal vera sérstakur lyfjaskápur og kæli.
2. Í deildaskiptu sjúkrahúsi með innan við 150 vistunarrými skal vera lyfjabúr, sem sér um öflun og varðveislu lyfja fyrir sjúkrahúsið og annast dreifingu á deildir.
3. Á stærri sjúkrahúsum má að fengnu leyfi ráðherra vera lyfjasala sbr. 13. gr. lyfsölulaga nr. 30/1963, sem auk þess er greinir í tölulið 2 má afgreiða lyf til eigin starfsfólks og eigin göngudeilda. Verðlagning lyfja fer eftir gildandi Lyfja-verðskrá I og II.

Um lyfjaskápa.

3. gr.

Yfirlæknir á sjúkrahúsi ber ábyrgð á öflun lyfja á deild. Sjái yfirlæknir ástæðu til vegna sérstakra aðstæðna að setja frekari reglur um meðferð lyfja, skal hann gera það skriflega.

4. gr.

Gæsla lyfjaskáps er í höndum hjúkrunarkonu eða ljósmóður. Á sjúkrahúsum eða deildum, sem hafa ekki ofangreindu starfsliði á að skipa, felur yfirlæknir gæslu lyfjaskáps í hendur þeim aðila, er honum list til þess hæfastur. Gæslumaður lyfjaskáps skal í daglegu starfi sjá um að í vinnu við skápinn sé fylgt reglugerð þessari svo og þeim reglum, sem settar kunna að verða.

5. gr.

Ef henta þykir má útbúa lyfjaskáp þannig, að hægt sé að afgreiða úr honum aðkallandi lyf á aðrar deildir á þeim tíma, sem þjónandi lyfjasala sjúkrahússins eða lyfjabúr er lokað.

Deildir á sjúkrahúsi mega hafa sameiginlega læsta geymslu á fyrirferðarmiklum lyfjum, sem mikið eru notuð (t. d. innrennslislyfjum).

6. gr.

Pöntun lyfja í lyfjaskáp úr lyfjabúri, lyfjaheildsölu eða lyfjasölu sjúkrahússins skal vera skrifleg, dagsett og undirrituð af lækni. Ef brýna nauðsyn ber til má læknir í undantekningartilvikum panta lyf á deildir í síma.

Eftirritunarskyld lyf skal panta í sérstök eyðublöð stöðluð af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, sem ekki má nota fyrir aðrar lyfjapantanir.

Á sjúkrahúsum með fáa sjúklinga, sem flestir eru rólfærir, skulu lyf, að því marki sem unnt er, fengin eftir lyfseðli fyrir hvern einstakan sjúkling. Þetta á sérstaklega við ef ekki er hjúkrunarkona eða ljósmóðir meðal starfsfólks.

7. gr.

Um geymslu lyfja í lyfjaskáp gilda þessar reglur:

1. Lyfjaskápur, þ. m. t. kæli, skal vera læstur þegar ekki er unnið við afgreiðslu úr honum. Lykillinn að skápnum skal vera í höndum þess, er gæslu hefur með honum eða staðgengils, sem samkvæmt 11. gr. má afgreiða lyf úr honum.
2. Geymslu lyfja í lyfjaskáp skal þannig háttað, að sem best yfirsýn fái st yfir innihald skápsins. Lyfjunum skal skipt í þrjá aðskilda flokka: **Stungulyf, lyf til innvortis notkunar og lyf til útvortis notkunar.** Í lyfjaskáp skal vera sérstakt læst hólfi fyrir eftirritunarskyld lyf.
3. Lyf, sem aflað er með lyfseðli fyrir hvern sjúkling, má geyma óflokkuð í ílátum (kassa) í læstum skáp. Skulu þá lyfjaglös frá einum sjúklingi vera í einum kassa og hann merktur hlutaðeigandi sjúklingi.
4. Án þess að breyta þeim meginreglum, sem að framan getur í þessari grein, má yfirlæknir leyfa geymslu á fáum tegundum titt notaðra lyfja utan lyfjaskápsins, enda verði eigi séð, að sú hættu vofi yfir að það leiði til rangrar notkunar lyfjanna eða þau komist í hendur óviðkomandi aðila. Yfirlæknir getur eiinnig ákveðið að takmarkaður fjöldi lyfja, sem grípa geti þurft til í skyndi, sé geymdur á annan hátt en að framan greinir (nauðlyfjaforði).
5. Lyf, sem geyma skal í kæli, skulu geyma við $+2^{\circ}$ — $+8^{\circ}$. Lyf, sem ælluð er geymsla á svölum stað ($+8^{\circ}$ — $+15^{\circ}$) má aðeins geyma í stuttan tíma við stofuhita. Í lyfjaskáp má einungis geyma lyf og lyfjavörur, áhöld, sem notuð eru við skömmtun lyfjanna, svo og skoðunarbók lyfjaskápa sbr. 20. gr.
6. Lyf skulu ávallt geymd í þeim umbúðum, sem þau koma í á deildir.
7. Sótthreinsunarefni og prófefni má ekki geyma í lyfjaskáp.

Um blöndun lyfja.

8. gr.

Blöndun lyfja á deildum takmarkast við eftirtalin atriði:

1. Lyf, sem vegna lítils geymsluþols þarf að blanda rétt fyrir notkun.
2. Blöndun á sterilu fljótandi lyfi í innrennslislyf (infusion) með smitgát til notkunar strax að blöndun lokinni.
3. Blöndun á sótthreinsunarvökvum til útvortis notkunar, og til áhaldasótthreinsunar, enda sé ekki um að ræða efni, sem einungis má afgreiða eftir lyfseðli og í blönduna sé notað afvegið magn eða afmæld stofnupplausn, sem á er rituð greinileg blöndunarforskrift.

Lyf, sem blandað er samkvæmt tölulíð 1 og er ekki að fullu notað eftir blöndun, skal árita styrkleika, blöndunardegi, fyrningardegi og upphafsstöfum þess er blandaði.

Hjúkrunarkona eða ljósmóðir má framkvæma blöndun lyfs samkv. tölulíðum 1 og 2, en að öðru leyti miðast við að lyfjafræðingur í þjónustu sjúkrahúss hafi umsjón með hvers konar lyfjablöndun.

Um ávana- og fíknilyf.

9. gr.

Til að fylgjast með notkun eftirritunarskyldra ávana- og fíknilyfja á deildum skal færa:

1. Notkunarskýrslur.
2. Birgðaseðla.

Sé lyfjabúr í viðkomandi sjúkrahúsi skal eftirritunarskyldra lyfja aflað með sérstökum pöntunarseðlum í tvíriti og skal frumritið notað við afgreiðslu lyfsins, en eftirriti haldið eftir.

Notkunarskýrslur og birgðaseðlar eru stöðluð af heilbrigðis- og tryggingamála-ráðuneytinu.

Færsla slíkra skýrslna er undir eftirliti lyfjafræðings, sem starfar á sjúkrahúsinu eða í tengslum við það.

Skýrslur þessar skal geyma á hlutaðeigandi deild í 3 ár.

Undanþegin þessum ákvæðum eru sjúkrahús, sem afla lyfja eftir lyfseðli fyrir hvern einstakan sjúkling.

10. gr.

Í lyfjabúri skal færa eftirritunarbók. Í eftirritunarbók skal skrá hvers konar útlát eftirritunarskyldra lyfja. Skal færslum þannig háttáð, að séð verði hvaða lyf sé um að ræða, hversu mikið, á hvaða deild afgreitt, hvenær og af hverjum.

Sé starfrækt lyfjasala við sjúkrahúsið gilda sömu reglur og um útlát frá almennum lyfjabúðum.

Um afhendingu lyfja.

11. gr.

Útlát lyfja til sjúklings má aðeins fara fram eftir ávísun læknis eða almennum skriflegum fyrirætlum.

Auk gæslumanns lyfjaskáps og staðgengils hans, mega hjúkrunarkonur og ljósmæður taka lyf úr skápnum og skammta sjúklingi, en aðrir ekki.

Í neyðartilvikum getur yfirlæknir þó heimilað öðru starfsfólki aðgang að lyfjaskáp, enda álití hann að því sé fyllilega til þess treystandi.

Þeir, sem nám stunda í hjúkrun eða ljósmóðurfræðum, mega þó skammta lyf á ábyrgð og undir umsjón hjúkrunarkonu eða ljósmóður, til að fullnægja þeirri þjálfun, er námið útheimtir.

Á röntgen-, geislavarna- og skurðstofudeild svo og á rannsóknarstofum má nemi taka fram og skammta lyf undir eftirliti og á ábyrgð yfirmanns deildarinnar.

Allar lyfjagjafir til innvortis notkunar skulu ritaðar niður þannig að rekja megí, hvað hver einstakur sjúklingur hefur fengið. Þess gerist þó ekki þörf hjá þeim sjúklingum, er lyf fá samkvæmt lyfseðli.

Að jafnaði skal ekki afhenda sjúklingi meira magn lyfja, en sem svarar til þess, er inn á að taka við skömmtun. Sá, sem skammtar lyfin og/eða úthlutar, skal fylgjast með, að þau séu notuð á réttan hátt.

Ef sjúkrahús afgreiðir sjúkling, sem er fjarverandi í skamman tíma, með lyf, skal eftirfarandi atriða gætt: Lyfin skulu afhent í hentugum umbúðum og þau merkt nafni sjúklings, heiti og magni lyfs, greinilegri notkunarfyrisögn, dagsetningu og áritun þess, sem afgreiðir.

Öll lyf, sem lánuð eru milli deilda, skulu skráð í sérstaka bók og skilað aftur. Í sömu bók skal skrá öll þau lyf, sem starfsmaður sjúkrahúss kann að fá á sjúkra-deild.

Um stjórnendur lyfjabúrs og lyfjasölu sjúkrahúss.

12. gr.

Með stjórn lyfjabúrs fer lyfjafræðingur, sem er ráðinn af sjúkrahússtjórn.

Með stjórn lyfjasölu sjúkrahúss fer sjúkrahúslyfsali, sem skipaður er af ráðherra.

Umsóknir um stöður stjórnanda lyfjabúrs eða lyfjasölu sjúkrahúss eru sendar sjúkrahússtjórn og skal fengin umsögn 2ja manna nefndar skv. 3. málsgrein 7. gr. l. nr. 30 29. apríl 1963.

13. gr.

Í forföllum eða orlofi stjórnanda lyfjabúrs eða lyfjasölu sjúkrahúss skal ráðinn lyfjafræðingur sem staðgengill.

14. gr.

Um afgreiðslutíma lyfjabúrs og lyfjasölu sjúkrahúss fer eftir ákvörðun sjúkra-
hússtjórnar að höfðu samráði við lyfjafræðing, forstöðukonu og yfirlækna deilda.

Almenn ákvæði um húsakynni og búnað.

15. gr.

Teikningar yfir áætlaðar nýbyggingar eða meiri háttar breytingar á húsnæði
lyfjabúrs eða lyfjasölu sjúkrahúss skulu sendar heilbrigðis- og tryggingamálaráðu-
neytinu til samþykktar.

16. gr.

- a) Húsakynni lyfjabúrs eða lyfjasölu sjúkrahúss skulu vera raka- og saggalaus og
að öðru leyti þannig úr garði gerð, að auðvelt sé að halda þeim hreinum og
koma við fullnægjandi loftræstingu.
- b) Gólfrymi herbergja skal vera svo riflegt, að þrengsli torveldi ekki vinnu og
auðvelt sé að halda öllu í röð og reglu.
- c) Í vinnu- og dvalarherbergjum skal vera næg dagsbirta eða góð raflýsing.
- d) Hitastig í lyfjageymslu skal miða við það, sem þar er geymt eftir reglum lyfja-
skrár. (Venjulegt hitastig; hámarkshiti 24°C; svöl geymsla hitastig 8—15°C og
köld geymsla (kæli) 2—8°C).

17. gr.

Um geymslu og meðhöndlun lyfja í lyfjabúri eða lyfjasölu sjúkrahúss gilda að
öðru leyti sömu reglur og um lyfjabúðir.

18. gr.

Lyf má einungis afhenda úr lyfjabúri gegn skriflegri beiðni eða lyfseðli. Sé
starfrækt lyfjasala sjúkrahúss fer almenn starfsemi hennar eftir sömu reglum og
um almenna lyfjabúð, innan þeirra takmarka, sem greind eru í 2. gr. tölulíð 3.

Ýmis ákvæði.

19. gr.

Um geymslu og útlát á óskráðum lyfjum, sem aflað er í tilraunaskyni, fer að
lögum þar að lútandi.

Þegar sjúklingi er gefið innrennslislyf skal þess vandlega gætt, að umbúðir hafi
ekki laskast og útlit lyfsins sé ekki frábrugðið því, sem venja er til.

Að jafnaði skal ekki breyta umbúðum sérlyfja.

Lyf, sem skilað er úr lyfjaskáp í lyfjabúr, má ekki afgreiða að nýju á deild,
nema umbúðir séu órofnar og ekki ráði sérstakir geymsluhættir fyrningu lyfs.

Lyfi skal eytt, ef fyrirsjáanlegt þykir, að ekki verði notað eða ef innkallað hef-
ur verið af framleiðanda. Sama gildir, ef grunur leikur á, að gæði lyfs hafi rýrnað
að marki við geymslu eða skráning lyfs er felld niður að tilhlutan heilbrigðis- og trygg-
ingamálaráðuneytisins.

Lyfjum skal eytt með því að brenna þau rækilega eða skola niður í gildar skólp-
leiðslur. Glerhylki skal brjóta.

Aldrei má henda lyfjum í soppilát.

Nú þarf að eyða lyfi úr lyfjaskáp deildar. Skulu þau þá skráð og send til lyfja-
búrs.

Eftirlit.

20. gr.

1. Stjórn sjúkrahúss skal ráða lyfjafræðing til að annast minnst ársfjórðungslega
eftirlit með lyfjaskápum og öðrum geymslum þar, sem lyf eru að jafnaði varð-

veitt. Undanþegin þessu ákvæði eru minni sjúkrahús, þar sem lyfja er aflað með lyfseðlum fyrir hvern sjúkling. Læknir sá, er hefur umsjón með slíkri stofnun skal aðgæta að öflun lyfjanna gefi ekki tilefni til sérstakra athugasemda.

2. Skoðun á lyfjaskáp felst aðallega í athugun á framleiðslu, útliti, geymslu og áritun lyfjanna svo og könnun á framleiðslueftirliti. Leiki grunur á, að innihald svári ekki til þess sem áritun gefur til kynna, er skoðunarmanni heimilt, að senda viðkomandi lyf lyfjaeftirliti ríkisins til rannsóknar. Skoðun skal staðfest með dagsetningu og nafni viðkomandi lyfjafræðings í skoðunarbók. Í bókina færir skoðunarmaður meiri háttar athugasemdir, er hann kann að hafa sett fram. Slíkar athugasemdir ber eftirlitsmanni að tilkynna yfirlækni tafarlaust.

21. gr.

Lyfjabúr og lyfjasala sjúkrahúss eru háð eftirliti lyfjaeftirliti ríkisins.

Gildistaka.

22. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 48. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963 öðlast gildi 1. júlí 1974.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. mars 1974.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.

REGLUR

um flutning og innritun í sjúkrasamlag.

1. gr.

Rétt til flutnings milli samlaga eiga allir þeir, sem lögheimili eiga í landinu.

2. gr.

Samlagsmaður, sem flytur búferlum frá einu samlagssvæði á annað og öðlast þar lögheimili, er tryggður í því samlagi frá 1. næsta mánaðar, enda tilkynni hann samlaginu búferlaflutninginn með staðfestu afriti af flutningstilkynningu. Gegn því fær hann afhent samlagsskirteini til staðfestingar réttindum sínum.

3. gr.

Nú dvelur samlagsmaður, eða barn hans innan 17 ára aldurs, á sjúkrahúsi eða hæli á kostnað samlags, og greiðir þá það samlag sjúkrahúsvistina áfram, þrátt fyrir flutning.

4. gr.

Samlag, sem tekur við aðfluttum samlagsmanni, tilkynnir það samlagi, sem hann áður var í. Samlagi, sem við tilkynningu tekur, er skylt að senda hinu um hæl upplýsingar um sjúkrahúsvist og dagpeninga, sem hinn flutti hefur notið hjá því s. l. 24 mánuði. Vanræki samlag að veita slíkar upplýsingar, getur tryggingaráð gert því að bera halla, sem af ofgreiðslu kann að stafa.

Tryggingastofnunin leggur til eyðublöð, sem henta fyrir tilkynningar samkvæmt þessari grein.